

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/2030****2019/EES/38/09****frá 19. desember 2018**

um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 9. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland („Bretland“) fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, þ.e. 30. mars 2019, nema leiðtogaráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.
- 2) Eins og tilkynnt var um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 13. nóvember 2018 „Undirbúningur fyrir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu þann 30. mars 2019: Viðbragðsáætlun (*e. Preparing for the withdrawal of the United Kingdom from the European Union on 30 March 2019: a Contingency Action Plan*)“ ⁽²⁾ („viðbragðsáætlunin“), getur útganga án samnings skapað hættu í tengslum við tiltekna þjónustu sem miðlægar verðbréfamiðstöðvar, sem hafa nú þegar fengið starfsleyfi í Bretlandi („miðlægar verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi“), veita rekstraraðilum í Sambandinu og sem ekki er mögulegt að skipta út til skamms tíma. Til að koma í veg fyrir slíka áhættu þykir réttmætt og til hagsbóta fyrir Sambandið og aðildarríki þess að tryggja, í takmarkaðan tíma, að miðlægar verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi geti haldið áfram að veita þjónustu í Sambandinu eftir 29. mars 2019.
- 3) Miðlægar verðbréfamiðstöðvar eru mikilvægar fyrir fjármálamarkaði. Skráning verðbréfa í rafrænt kerfi („lögbókunarþjónusta“) og viðhald verðbréfareikninga á efsta stigi („miðlæg vörsluþjónusta“) auka gagnsæi og vernda fjárfesta þar sem þau tryggja heilindi útgáfunnar og koma í veg fyrir óþarfa tvíverknað eða lækun verðbréfa. Miðlægar verðbréfamiðstöðvar reka einnig verðbréfauppgjörskerfi, sem tryggir að verðbréfavíðskipti séu gerð upp á tilhlýðilegan hátt og tímanlega. Þessi starfsemi er mikilvæg fyrir stöðustofnunar- og uppgjörferlið eftir viðskipti og sem slík mikilvæg fyrir fjármálastöðugleika í Sambandinu og aðildarríkjunum. Verðbréfauppgjörskerfi eru mikilvæg fyrir peningamálastefnu þar sem þau eiga mikinn þátt í að tryggja veð vegna peningastefnuaðgerða. Þar að auki treysta rekstraraðilar markaða á Írlandi á þjónustu miðlægra verðbréfamiðstöðva í Bretlandi að því er varðar fyrirtækjaverðbréf og sjóði sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi sem settir eru á stofn samkvæmt landslögum Írlands.
- 4) Frá 30. mars 2019 munu verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi verða „verðbréfamiðstöðvar þriðja lands“ og mega sem slíkar aðeins veita lögbókunarþjónustu og miðlæga vörsluþjónustu í tengslum við fjármálagerninga sem stofnaðir eru samkvæmt lögum aðildarríkis ef þeir eru viðurkenndir af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014. Ef ekki er um að ræða viðurkenningu á verðbréfamiðstöðvum í Bretlandi mega útgefendur í Sambandinu ekki nota verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi til að skrá framseljanleg verðbréf sem stofnuð eru samkvæmt slíkum lögum á rafrænu formi í verðbréfamiðstöð eins og krafist er í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014. Þær aðstæður gætu haft í för með sér tímabundnar áskoranir fyrir útgefendur við að uppfylla lagalegar skuldbindingar sínar. Eins og tilkynnt er um í viðbragðsáætluninni er því nauðsynlegt, við þær séraðstæður, að laga- og eftirlitsfyrirkomulagið sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi teljist jafngilt, í stranglega takmarkaðan tíma og með sérstökum skilyrðum, til að þessar verðbréfamiðstöðvar megi halda áfram að veita lögbókunarþjónustu og miðlæga vörsluþjónustu í Sambandinu.
- 5) Í samræmi við 9. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar verðbréfamiðstöðvar með starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 325, 20.12.2018, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 28.8. 2014, bls. 1.

⁽²⁾ COM(2018)880 lokagerð

- 6) Í fyrsta lagi verður fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands að tryggja að verðbréfamiðstöð í viðkomandi þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Þar til 29. mars 2019 verða verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi að fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Þann 26. júní 2018 tók Bretland, sem hluta af lögunum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 (*e. European Union (Withdrawal) Act 2018*), ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 upp í landslög sín frá og með dagsetningu útgöngu Bretlands úr Sambandinu.
- 7) Í öðru lagi verður laga- og eftirlitsfyrirkomulag þriðja lands að tryggja að verðbréfamiðstöð með staðfestu í þriðja landinu falli undir skilvirkt eftirlit, yfirsýn og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Þar til 29. mars 2019 falla verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi undir eftirlit Englandsbanka, eins og ákvarðað er í landslögum Bretlands í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Við upptöku reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 í landslög Bretlands mun Englandsbanki áfram bera ábyrgð á eftirliti með verðbréfamiðstöðvum og heimildir hans til eftirlits, yfirsýnar og framfylgdar að því er varðar verðbréfamiðstöðvar munu verða óbreyttar í meginatriðum.
- 8) Í þriðja lagi verður lagarammi þriðja landsins að kveða á um skilvirkt jafngilt kerfi fyrir viðurkenningu á verðbréfamiðstöðvum sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands. Þetta er tryggt með því að taka jafngildiskerfið í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 upp í landslög Bretlands.
- 9) Framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að laga- og eftirlitsfyrirkomulag Bretlands, sem gildir um verðbréfamiðstöðvar daginn eftir útgöngu þess úr Sambandinu, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 9. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
- 10) Þessi ákvörðun byggist þó á laga- og eftirlitsfyrirkomulaginu sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi daginn eftir útgöngu Bretlands úr Sambandinu. Þetta fyrirkomulag laga og eftirlits ætti aðeins að teljast jafngilt ef kröfunum sem gilda um verðbréfamiðstöðvar samkvæmt landslögum Bretlands er viðhaldið og er beitt áfram með skilvirkum hætti og framfylgt á áframhaldandi grundvelli. Skilvirk upplýsingaskipti og samræming eftirlitsstarfsemi milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Englandsbanka er því mikilvægt skilyrði til að viðhalda ákvörðun um jafngildi.
- 11) Upplýsingaskiptin krefjast þess að komið sé á árangursríku og skilvirku samstarfsfyrirkomulagi í samræmi við 10. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014. Þetta samstarfsfyrirkomulag ætti einnig að tryggja að unnt sé að deila öllum viðeigandi upplýsingum með yfirvöldunum sem um getur í 5. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, þ.m.t. með Seðlabanka Evrópu og öðrum aðilum seðlabankakerfis Evrópu, í þeim tilgangi að hafa samráð við þessi yfirvöld um viðurkennda stöðu verðbréfamiðstöðva í Bretlandi eða ef þessar upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir þessi yfirvöld til að þau geti framkvæmt eftirlitsverkefni sín.
- 12) Komi upp þær óvenjulegu aðstæður að Bretland gangi úr Sambandinu án samnings og vegna þess hve mikilvægar verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi eru fyrir markaðsaðila í Sambandinu, verður samstarfsfyrirkomulag, sem komið er á fót skv. 10. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafi tafarlausan aðgang, á áframhaldandi grundvelli, að öllum upplýsingum sem hún óskar eftir. Þær upplýsingar eru m.a., en takmarkast ekki við, upplýsingar sem gera kleift að meta alla verulega áhættu sem Sambandinu eða aðildarríkjum þess stafar af verðbréfamiðstöðvum í Bretlandi, hvort sem það er beint eða óbeint. Því ætti að tilgreina fyrirkomulag upplýsingaskipta milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna þar sem verðbréfamiðstöð starfrækir útibú eða veitir verðbréfamiðstöðvarþjónustu („gístiaðildarríkið“) og Englandsbanka í samstarfsfyrirkomulaginu, þ.m.t. aðgengi að öllum upplýsingum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin kallar eftir um verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi, einkum aðgengi að upplýsingum sem lögbært yfirvald í gístiaðildarríkinu kallar eftir í tilvikunum sem um getur í 7. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar reglubundnar skýrslur um starfsemi verðbréfamiðstöðva frá Bretlandi í gístiaðildarríkinu; tilkynningar um deili á útgefendunum og þátttakendunum í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi reka eða aðrar viðkomandi upplýsingar um starfsemi verðbréfamiðstöðva frá Bretlandi í gístiaðildarríkinu; sem og skjóta tilkynningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um hvers konar þróun að því er varðar verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi sem gæti haft áhrif á peningamálastefnu í Sambandinu og um allar breytingar á laga- og eftirlitsfyrirkomulagi sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi; fyrirkomulagið við skjóta tilkynningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ef Englandsbanki álitur að verðbréfamiðstöð, sem hann hefur eftirlit með, brjóti gegn skilyrðunum fyrir starfsleyfi hennar eða öðrum gildandi lögum og verklag varðandi samræmingu eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. eftir því sem við á, vettvangsskoðanir.
- 13) Framkvæmdastjórnin mun, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, hafa eftirlit með öllum breytingum sem teknar eru upp í laga- og eftirlitsfyrirkomulagið og hafa áhrif á verðbréfamiðstöðvar í Bretlandi, markaðsþróun og skilvirkni eftirlitssamvinnu, þ.m.t. tafarlaus upplýsingaskipti milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Englandsbanka. Framkvæmdastjórnin gæti framkvæmt endurskoðun hvenær sem er, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt er með þessari

ákvörðun, þ.m.t. ef ekki er farið að skilmálum samstarfsfyrirkomulagsins milli Evrópsku verðbréfamarkaðs-
eftirlitsstofnunarinnar og Englandsbanka eða ef þeir gera ekki mögulegt að framkvæma árangursríkt mat á áhættunni
sem Sambandinu eða aðildarríkjum þess stafar af verðbréfamiðstöðvum í Bretlandi.

- 14) Í ljósi óvissunnar í kringum framtíðarsamband Bretlands og Sambandsins, sem og mögulegra áhrifa á
fjármálastöðugleika Sambandsins og aðildarríkja þess og á heilleika innri markaðarins, ætti þessi ákvörðun að falla úr
gildi 30. mars 2021. Matið sem felst í þessari ákvörðun er því með fyrirvara um allt framtíðarmat á laga- og
eftirlitsfyrirkomulagi Bretlands að því er varðar verðbréfamiðstöðvar og ekki ætti að treysta á það sem slíkt umfram
tilgang þessarar ákvörðunar.
- 15) Þessi ákvörðun ætti að öðlast gildi sem fyrst og ætti einungis að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að
sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland og í Bretlandi nema útgöngusamningur við Bretland hafi tekið gildi fyrir þann
tíma eða að tveggja ára tímabilið sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið hafi verið framlengt.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 telst laga- og eftirlitsfyrirkomulag Sameinaða konungsríkisins Stóra-
Bretlands og Norður-Írlands, sem samanstendur af lögunum um fjármálaþjónustu og -markaði frá árinu 2000 (*e. Financial
Services and Markets Act 2000*) og lögunum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 (*e. European Union (Withdrawal) Act
2018*), sem gildir um verðbréfamiðstöðvar sem þegar hafa verið stofnsettar og hlotið starfsleyfi í Sameinaða konungsríkinu
Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland og í Bretlandi í samræmi
við 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu þó ekki gilda í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef útgöngusamningur, sem gerður er við Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland í samræmi við 2. mgr.
50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, hefur öðlast gildi fyrir þann dag,
- b) ef ákvörðun hefur verið tekin um að framlengja tveggja ára tímabilið sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um
Evrópusambandið.

Hún fellur úr gildi 30. mars 2021.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.